

Lokaráðstefna VISKA

Um 60 manns tóku þátt í lokaráðstefnu VISKA verkefnisins (Erasmus KA3) sem haldin var 4. febrúar s.l. hér á landi. Þar var farið yfir árangur og lærdóm verkefnisins. Í því voru þróaðir ferlar í raunfærnimati fyrir innflytjendur, verkfæri þýdd og boðið upp á tulkapjónustu. Samtals fóru 51 þátttakandi í gegnum matsferlið hjá IDUNNI fræðslusetri og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Ljóst er að vinna þarf áfram að því að auðvelda innflytjendum að komast í raunfærnimat og dreifa aðferðafræði úr verkefninu. Huga þarf að kynningarmálum og finna leiðir til að formfesta íslenskustuðning í framhaldsskólum fyrir þá sem vilja ljúka námi í kjölfar raunfærnimats. Lærdómur úr verkefninu verður tekinn inn í nýja Framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda fyrir 2020-2024.

Lokaráðstefna heildarverkefnisins fór fram í Brussel þann 12. febrúar. Lærdómur af því verður tekinn inn í stefnumál Evrópusambandsins og CEDEFOP, sem heldur m.a. utan um Evrópskar leiðbeiningar um raunfærnimat.

Gerum hæfni innflytjenda sýnilega og opnum aðgengi þeirra að námi. Samvinna hagsmunaaðila skiptir öllu máli!

Sjá nánar um heildarverkefnið [hér](#)



Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins hefur gengið vel og er framkvæmd víða langt komin. Þjálfun matsaðila er sérsniðin að hverju verkefni fyrir sig og gefur góða raun. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir á námskeiðunum og að þær taki mið af aðstæðum á vinnustöðum. Þjálfaðir matsaðilar í verkefninu eru nú orðnir nærri 30 talsins og koma þeir allir úr fyrirtækjum/stofnunum. Framkvæmd raunfærnimatsins fer fram víða um land, hjá Fræðsluneti Suðurlands, Mími, SÍMEY og Starfsmennt fræðslusetri.

Góðir leiðbeinendur og starfsþjálfar í fyrirtækjum/stofnunum í kjölfar raunfærnimats eru lykill að færnieflingu á vinnustað. Í verkefninu er starfsþjálfun eftir raunfærnimat tryggð og fer þjálfun starfsþjálfra fram hjá FA. Ein vinnustofa hefur þegar verið haldin en þar unnu þátttakendur m.a. með niðurstöður raunfærnimats á sínum vinnustað og leiðir til að þjálfa starfsfólk. Þjálfun og fræðsla í kjölfar matsins verður bæði innan og utan fyrirtækjanna, einstaklings og hópamiðuð, allt eftir því hvað hentar á hverjum stað.

Skilagrein vegna raunfærnimats hefur verið uppfærð og einfölduð en skil á þeim upplýsingum sem þar eiga að koma fram er hluti af skilmálum Fræðslusjóðs. [Skilagreinin](#) má finna á heimasíðu FA Aðgangsorð FA17. Skilagreinin er liður í EQF gæðaferlinu en auk skilagreinar eru upplýsingar skráðar í INNU. **Þeir sem ekki þegar hafa sent inn skilagreinar eru hvattir til þess.**

Haldið var hefðbundið námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati dagana 20. og 21. febrúar s.l.. Fullt var á námskeiðinu og næsta námskeið verður auglýst síðar. Hægt er að skrá þátttakendur lista hjá **Steinunni**, steinunn@frae.is.